

Alþingi
Nefndarsvið
Austurstræti 8-12
150 Reykjavík

Reykjavík 29. febrúar 2024

Efni: Umsögn ADHD samtakanna um tillögu til þingsályktunar um ókeypis fræðslu og þjálfun til foreldra barna með ADHD, þingskjal 67 - 67. mál.

ADHD samtökin fagna tillögu til þingsályktunar um að koma á fót ókeypis fræðslu og þjálfun til foreldra barna með ADHD.

Eins og fram kemur í greinargerð sýna rannsóknir að a.m.k. eitt af hverjum tíu börnum glímir við ADHD. Röskunin hefur víðtæk áhrif á daglegt líf og vellíðan barna með ADHD en ekki síður fjölskyldur þeirra. Fjölskyldulíf sem einkennist af áskorunum af völdum ADHD röskunarinnar er í mörgu frábrugðið almennu fjölskyldulífi. Því skipta réttar uppeldisaðferðir höfuðmáli og leggja grunninn að vellíðan og velferð barna með ADHD. Hegðunarbandi meðal barna með ADHD er ekki óalgengur og því fyrr sem gripið er í taumana því betur gengur barninu að ná stjórn á tilfinningum sínum og læra að takast á við erfiðleika.

ADHD samtökin hafa um nokkurt skeið unnið að gerð foreldrafærninámskeiðs er nefnist KIK (Kærlighed i Kaos) og á upprunalega rætur að rekja til Danmerkur. Námskeiðið er ætlað foreldrum barna með ADHD og skiptir þá engu hvort greining liggja fyrir eða einungis grunur leiki á að um ADHD röskunina sé að ræða.

Ofangreint námskeið er hluti af snemmtækri íhlutun þar sem stuðst er við gagnreyndar uppeldisaðferðir og hefur sýnt sig að námskeiðið hefur sannanleg jákvæð áhrif. Í ljós kom marktækur munur á hegðun og viðhorfi foreldra, aukinn skilningur og trú á eigin getu, minnkun streitu og þunglyndiseinkenna foreldra ásamt auknum tengslum milli foreldra og barns.¹

KIK foreldrafærninámskeiðið miðast við börn á aldursbilinu 3 - 10 ára. Lítið hefur verið um sérhæfð námskeið fyrir foreldra barna með ADHD á yngri aldurs skeiðum og mikil þörf á að bæta þar úr.

Námskeiðið er á rafrænu formi í þeim tilgangi að auðvelda foreldrum þátttöku, hvaðan svo sem á landinu þeir eru staddir ásamt því að vera óháð ákveðinni tímasetningu. Þetta gerir það að verkum að foreldrum er gert kleift að nálgast fræðsluefnið hvar og hvenær sem er.

¹ Anil Chavko, Christoffer Scavenius (2018). Bending the Curve: A Community-Based Behavioral Parent Training Model to Address ADHD-Related Concerns in the Voluntary Sector in Denmark. *J Abnorm Child Psychol*, 46:505-517

Síðast en ekki síst telja ADHD samtökin nauðsynlegt að umrædd fræðsla og þjálfun standi foreldrum og aðstandendum til boða þeim að kostnaðarlausu í því skyni að tryggja að allir geti nýtt sér námskeiðið óháð efnahag.

Foreldrafærninámskeiðið byggist á tólf þáttum og eru mismunandi viðfangsefni og færniþættir teknir fyrir hverju sinni. Eins og áður segir hafa ADHD samtökin ráðist í þetta stóra og kostnaðarsama verkefni en sökum fjárskorts verða einungis fyrstu fimm þættir námskeiðsins aðgengilegir.

ADHD samtökin telja mjög mikilvægt að hægt verði að ljúka við gerð þeirra þátta er eftir standa í því skyni að námskeiðið gagnist sem best. Nauðsynlegt er því að tryggja fullt fjármagn til af því geti orðið.

Álíta ADHD samtökin að mikilvægi þessa verkefnis sé ótvírætt og stuðli að samfélagslegum ábata þegar fram líða stundir.

f.h. ADHD samtakanna

Elín H. Hinriksdóttir

Elín H. Hinriksdóttir, sérfræðingur